

GJALDSKRÁ

fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjald fyrir hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hestúshverfi er sem hér segir.

Taðþróargjald*	pr. stú	20.492 kr.
----------------	---------	------------

* Árlegt taðþróargjald á hverja stú samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarráði 2. desember 2021 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 8. desember 2021.

Gjaldskráin sem er birt í B-deild Stjórnartíðinda tekur gildi 1. janúar 2022. Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1569/2020 úr gildi.

Hafnarfirði, 15. desember 2021.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2021